

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Galtafell í Hrunamannahreppi, deiliskipulag frístundabyggðarinnar Móakots.*
Deiliskipulagið nær til 4,55 ha lands, og gerir ráð fyrir fjórum lóðum og er ein þeirra þegar byggð, stærðir lóða eru 2.550 m² – 2.750 m². Hámarkshæð húsa er 1½ hæð. Samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2004.
2. *Vesturbrún 3 og 5 á Flúðum, deiliskipulag íbúðabyggðar.*
Deiliskipulagið felst í að gert er ráð fyrir tveimur 1.009 m² íbúðarhúsalóðum við Vesturbrún. Heimilt er að reisa einnar hæðar íbúðarhús með innbyggðri bílgeymslu, hámarkshæð húsa er 5 m. Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. júní 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2006